



SAMTÖK UM
KVENNAATHVARF

Ársskýrsla 2020

Ársskýrsla 2020
Samtök um kvennaathvarf

Ársskýrsla Samtaka um Kvennaathvarf fyrir árið 2020

Ábyrgðaraðili: Sigprúður Guðmundsdóttir,
framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

Útgáfustaður: Reykjavík, apríl 2020

Prentað af: Háskólaprent. Umhverfissvottuð prentsmiðja.

Útgefandi: Samtök um kvennaathvarf

www.kvennaathvarf.is

© Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti.

Ársskýrsla 2020

Samtök um kvennaathvarf

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar
Skýrsla framkvæmdastýru
Kvennaathvarfið á Norðurlandi
Árið 2020 í tölum
Lykiltölur úr ársreikningi

Töflu- og myndayfirlit

- Tafla 1. Komur í Kvennaathvarfið 2018-2020
- Mynd 1. Samanburður á fjölda í dvöl og viðtöl eftir mánuðum
- Tafla 2. Birtingarmyndir ofbeldis
- Mynd 2. Uppruni kvenna (viðtöl og dvöl)
- Tafla 3. Samantekt á uppruna (a) dvalarkvenna (b) viðtalskvenna
- Tafla 4. Búseta kvenna
- Tafla 5. Tengsl við gerendur
- Mynd 3. Aldursdreifing dvalarbarna
- Tafla 6. Afdrif dvalarkvenna
- Tafla 7. Afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldis

SKÝRSLA STJÓRNAR

Aðalfundur Samtaka um kvennaathvarf og Sjálfseignarstofnunar Kvennaathvarfsins var haldinn í sal Blaðamannafélags Íslands í Síðumúla 23, miðvikudaginn 2. september 2020 kl. 17. Samkvæmt lögum Samtaka um kvennaathvarf er kosið til tveggja ára setu í stjórn en til eins árs í varastjórn. Þær Edda Ólafsdóttir og Elín Jónsdóttir, sem átt höfðu farsælan feril í stjórn og varastjórn Samtaka um kvennaathvarf um árabil, gengu úr stjórn. Uppstillingarnefnd samtakanna lagði til að í þeirra stað kæmu Joanna Marcinkowska, sem setið hafði í varastjórn um nokkurra ára skeið, og Brynja Hjálmtýsdóttir og var það samþykkt samhljóma. Jóna Sólveig Elínardóttir hafði lokið sínu kjörtímabili en gaf kost á sér áfram og var það samþykkt samhljóma. Árni Matthíasson og Nadía Borisdóttir höfðu árið áður verið kjörin í stjórn til tveggja ára og ljúka því kjörtímabili sínu á aðalfundi 2021. Í sæti Joönnu í varastjórn var samhljóma kjörin Katrín Guðný Alfreðsdóttir. Alda Hrönn Jóhannsdóttir gaf áfram kost á sér sem varamaður og var það samþykkt samhljóða.

Sjálfseignarstofnun Kvennaathvarfsins er félag sem hefur það eina hlutverk að eiga fasteign sem hýsir starfsemi athvarfsins. Í stjórn Sjálfseignarstofnunarinnar situr formaður stjórnar Samtaka um kvennaathvarf á hverjum tíma auk þess sem aðalfundur kýs tvo stjórnarmenn til viðbótar. Í stjórnina voru kjörnar þær Guðrún Hallgrímsdóttir og Þórlaug Jónsdóttir og til vara þær Þórdís Guðmundsdóttir og Sabine Leskopf. Fríða Bragadóttir og Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir voru kjörnar skoðunarmenn reikninga.

Hlutverk stjórnar Samtaka um kvennaathvarf er samkvæmt lögum félagsins að móta stefnu athvarfsins og hafa eftirlit með fjárreiðum og rekstri samtakanna. Hún er framkvæmdateymi athvarfsins bakland, bæði varðandi dagleg verkefni í athvarfinu og þátttöku í baráttunni gegn kynbundnu ofbeldi.

Stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum eftir aðalfund. Jóna Sólveig Elínardóttir var endurkjörin formaður, Árni Matthíasson var kjörinn varaformaður, Brynja Hjálmtýsdóttir gjaldkeri og Nadía Borisdóttir ritari. Alla jafna hittist stjórnin mánaðarlega, en þó falla fundir niður í júlí, desember og í

Ársskýrsla 2020 Samtök um kvennaathvarf

aðalfundarmánuðinum apríl. Heimsfaraldur kórónaveiru COVID-19 hafði sannarlega áhrif á hefðbundna starfsemi stjórnar. Vegna aðstæðna í samfélaginu færðist aðalfundur, sem alla jafna er haldinn í apríl, aftur til september. Stjórnarfundir voru því að þessu sinni aðeins 7 milli aðalfunda.

Heimsfaraldur kórónaveiru

Starfsfólk og stjórn Samtaka um kvennaathvarf fóru ekki varhluta af margþátta áhrifum útbreiðslu heimsfaraldurs kórónaveiru COVID-19. Stjórnarfundir voru jafnan á fjarfundaformi en í þeim tilfellum þar sem stjórnin þurfti að koma saman var vel gætt að tveggja metra fjarlægðarviðmiðum. Í þau skipti fékk stjórn athvarfsins að nýta fundaraðstöðu hjá Blaðamannafélagi Íslands og kann hún félaginu miklar þakkar fyrir liðlegheitin. Skipað var COVID-19 viðbragðsteymi fyrir athvarfið með fulltrúum úr stjórn og framkvæmdateymi, en ekki kom til þess að virkja þyrfti það til starfa. Lögð var aukin áhersla á símaviðtöl en auk þess þurfti að ráðast í umfangsmiklar ráðstafanir innanhúss til að mæta kröfum um sóttvarnir, tryggja samfellu í stjórn og mönnun á vöktum. Ótrúleg útsjónarsemi og vandvirkni starfskvenna og framkvæmdateymis varð til þess að hægt var að halda þjónustu athvarfsins gangandi án þess að smit bærisk inn fyrir dyr athvarfsins.

Segja má að COVID-19 hafi ýtt Kvennaathvarfinu og stjórn þess heldur ómjúklega inn í 21. öldina, þótt það verði reyndar að teljast til jákvæðra afleiðinga faraldursins. Samskipta og verkefnastjórnunarforritið Microsoft Teams hefur verið innleitt í starfsemi athvarfsins og stjórnar. Hefur það leitt til bættrar þjónustu fyrir þær konur sem ekki komast í athvarfið auk þess sem það styður við verkefnastjórn innan athvarfsins, styttir boðleiðir og stuðlar að auknu gagnsæi og skilvirkni.

Þá hrinti heimsfaraldurinn af stað umfangsmikilli, almennri umræðu og vitundarvakningu í íslensku samfélagi, sem og á alþjóðavettvangi, um hræðilegar aðstæður kvenna og barna sem búa við heimilisofbeldi. Tilkynningum um heimilisofbeldi fjölgaði enda umtalsvert hér á landi milli ára. Í faraldrinum sannaði athvarfið enn og aftur samfélagslegt gildi sitt en eftir að létta tók á samkomutakmörkunum sumarið 2020 fylltist þar hver krókur og

Ársskýrsla 2020 Samtök um kvennaathvarf

kimi. Faraldurinn hefur sýnt okkur að þörfin fyrir kvennaathvarf er síst að minnka. Þessi almenna vakning varð enn og aftur til þess að virkja mikinn fjölda velunnarra athvarfsins, einstaklinga, fyrirtæki og samtök, til góðra verka í þágu athvarfsins en ógerningur væri að telja þá alla upp hér. Stjórn samtaka um kvennaathvarf kann þeim öllum ómældar þakkir fyrir stuðninginn.

Á tímum efnahagsþrenginga á borð við þær sem íslenskt samfélag hefur staðið frammi fyrir vegna veirunnar er mikilvægt að aðstandendur athvarfsins sýni árvekni. Fjárhagur Samtaka um kvennaathvarf stendur að sönnu styrkum fótum, en forsenda fyrir þeirri sterku stöðu er sú mikla samstaða sem Vinir og stoðir og stytur kvennaathvarfsins hafa sýnt athvarfinu með fjárframlögum og stuðningi sínum á umliðnum árum. Aðlögun að óvissuástandi sem við blasir vegna mögulegra áhrifa COVID-19 verður meðal verkefna og áskorana næsta starfsárs. Á sama tíma er hugur í aðstandendum og stuðningsaðilum athvarfsins að vinna áfram markvisst að því að efla enn frekar þjónustu við konur og börn sem þurfa að flýja heimili sín vegna heimilisofbeldis. Mörg spennandi verkefni hófust á árinu 2020 munu halda áfram næsta og næstu ár. Öll hafa það að markmiði að efla og útvíkka þjónustuna í athvarfinu, íbúum athvarfsins á öllum aldri til góða.

Stefnumótunarvinna

Í janúar og febrúar 2020 má segja að áherslan hafi verið á stefnumótun og leiðir til að útvíkka starfsemi athvarfsins svo hún gæti m.a. betur þjónað þeim börnum sem þurfa að leita í athvarfið ásamt mæðrum sínum, sem og konum sem glíma við áfengis- og fíknivanda. Stefnumótunarvinnan, sem fór af stað strax í byrjun árs 2020 undir handleiðslu Elínar Jónsdóttur, gjaldkera stjórnar, átti m.a. að fela í sér umfangsmikla rýnihópavinnu. Vinnunni átti að ljúka haustið 2020. Faraldurinn setti hins vegar þannig strik í reikninginn að hverfa þurfti frá því ferli sem ákveðið var í upphafi. Því var ákveðið að fela smærri hópi, samsettum af tveimur fulltrúum stjórnar, framkvæmdateymi athvarfsins, og verkefnisstjóra Arnrúnar byggingafélags, að vinna tillögur sem síðar yrðu teknar til umræðu, frekari þróunar og ákvörðunar á vettvangi athvarfsins. Sú vinna fékk síðan kröftuga innspýtingu þegar tilkynnt var að ríkisstjórn Íslands hefði ákveðið að úthluta 100 milljónum til athvarfsins í tengslum við

Ársskýrsla 2020 Samtök um kvennaathvarf

sérstakt fjárfestingaráttak stjórnvalda vegna COVID-19. Ánægjulegt er að segja frá því að samþykkt var í stjórn athvarfsins, í samráði við stjórnvöld, að þeim fjármununum verði varið í viðgerðir og endurbætur á núverandi húsnæði Kvennaathvarfsins, framkvæmdir og byggingu nýs áfangaheimilis, auk hönnunar á fyrsta sérhannaða neyðarathvarfi á Íslandi ásamt stuðningi til kaupa á lóð undir hið nýja athvarf.

Ákvörðun um fyrsta sérhannaða kvennaathvarfið á Íslandi

Stjórn Samtaka um kvennaathvarf tók formlega ákvörðun um að stefna að byggingu nýs athvarfs á fundi sínum í júní 2020 og að leita skyldi stuðnings ríkis og borgar í þeim efnum. Viðræður við ríki og borg gengu vonum fram og allir hlutaðeigandi sýndu verkefninu strax á fyrstu stigum ríkan stuðning og áhuga. Þann 11. nóvember var gengið frá samningi við ríkið, sem lagði verkefninu lið í gegnum sérstakt fjárfestingaráttak ríkisstjórnarinnar vegna COVID-19, en við sama tilefni var jafnframt undirritað samkomulag við Reykjavíkurborg um lóðavilyrði vegna hins nýja athvarfs. Reykjavíkurborg úthlutaði Sjálfseignarstofnun Kvennaathvarfsins síðan draumalóð undir athvarfið þann 23. nóvember. Áætluð stærð athvarfsins er u.þ.b. 800 fm. Nýtt athvarf Samtaka um kvennaathvarf verður fyrsta sérhæfða húsnæðið sem byggt er undir neyðarathvarf fyrir þolendur heimilisofbeldis á Íslandi. Með tilkomu þess munu samtökin tvöfalda húsnæði neyðarathvarfsins og verður fagleg aðstoð mun aðgengilegri fyrir þær konur og börn þeirra sem þurfa á stuðningi og ráðgjöf að halda vegna ofbeldis. Tilgangurinn er að byggja upp aðstöðu sem gerir samtökunum kleift að veita enn betri þjónustu til enn fjölbreyttari hóps kvenna og barna en núverandi húsakostur leyfir.

Kvennaathvarfið og Alverk gengu þann 1. desember frá samstarfssamningi varðandi undirbúning og hönnun á byggingu nýja athvarfsins. Samningurinn byggir á góðu samstarfi Kvennaathvarfsins og Alverks við byggingu á nýju áfangaheimili athvarfsins. Í verkefninu felst m.a. að Alverk, ásamt Sigríði Ólafsdóttur, arkitekt hjá Gríma arkitektar, munu vinna að forskoðun og þarfagreiningu fyrir hið nýja athvarf og jafnframt aðstoða við breytingu á deiliskipulagi, í samstarfi við skipulagssvið Reykjavíkurborgar og ráðgjafa borgarinnar, fyrir hönd verkkaupa.

Kvennaathvarfið á Norðurlandi

Það hefur lengi verið draumur aðstandenda og velunnara Kvennaathvarfsins að athvarfið geti stuðlað að aukinni þjónustu við þolendur heimilisofbeldis á landsbyggðinni. Sá draumur varð að veruleika síðasta sumar með ákvörðun stjórnar um að ráðast í tilraunaverkefni til hálfis árs um opnun neyðarathvarfs á Akureyri í samvinnu við Bjarmahlíð, sveitarfélög á Norðurlandi eystra, Aflið, félags- og barnamálaráðherra og dómsmálaráðherra. Athvarfið opnaði dyr sínar síðsumars 2020 og fór starfsemi fljótt og vel af stað. Signý Valdimarsdóttir er verkefnarstýra Kvennaathvarfsins á Norðurlandi. Þar dvöldu 15 íbúar, 8 konur og 7 börn á árinu 2020. Fjöldi aðila, ekki síst Norðlendingar, hafa sýnt verkefninu mikinn stuðning og fyrir það erum við óendanlega þakklát.

Barnastarfið í athvarfinu

Alls dvöldu 110 börn í athvarfinu á árinu 2020. Voru þau frá nokkurra vikna til 16 ára, meðalaldur þeirra var 5 ár. 60% mæðra sem komu með börn í dvöl nefndu ofbeldi gegn börnum sem eina birtingarmynd ofbeldisins. Það var því auðveld ákvörðun fyrir stjórn að forgangsraða þeim ríka stuðningi sem athvarfið hefur notið af hálfu styrktaraðila og vina Kvennaathvarfsins, í ráðningu félagsráðgjafa til að halda utan um barnastarfið í athvarfinu. Upphaflega var verkefnið hugsað sem tilraunaverkefni en strax á fyrstu vikum þess varð ljóst að ekki yrði aftur snúið og tilraunaverkefninu breytt í framtíðarskipan. Markmiðið er að vinna að aukningu lífsgæða barnanna í nútíð og framtíð, að stuðla að því að dvölin sé sem ánægjulegust en jafnframt aðstoða mæður og börn við að vinna gegn afleiðingum ofbeldisins. Barnastarfið hefur þegar leitt til byltingar í þeirri nálgun sem er tekin gagnvart börnunum í athvarfinu og skapað góðan grunn til að byggja á til framtíðar.

Arnrún hses.

Samtök um kvennaathvarf stofnuðu húsnæðissjálfsseignastofnunina Arnrúnu á árinu 2017. Tilgangur félagsins er að byggja eða kaupa, eiga og hafa umsjón með húsnæði sem leigt er til skjólstaðinga Kvennaathvarfsins, á viðráðanlegu verði, eftir að dvöl í neyðarathvarfinu líkur.

Ársskýrsla 2020 Samtök um kvennaathvarf

Á síðasta ári hófst vinna við byggingu fjölbýlishúss í miðbæ Reykjavíkur sem undirbúin hefur verið frá stofnun félagsins. Undir lok árs 2019 var samið við Alverk ehf. um verktöku við byggingu hússins. Á sama tíma var gengið frá samningi um framkvæmdalán á byggingartíma við Landsbanka Íslands. Þá hefur félagið notið lánaþyrirgreiðslu frá samtökunum. Upphaf verksins tafðist lítillaga vegna veðurskilyrða, en það náðist að vinna upp þann tíma þegar leið á árið. Enn er stefnt að afhendingu íbúða síðsumars 2021.

Félagið hélt áfram að fá góðar gjafir og var verkefnið styrkt um 1 mkr. á árinu. Þá var samþykkt að 25 mkr. af sérstöku fjárfestingaáttaki ríkissjóðs til samtakanna myndi renna til endurbóta á áfangaheimilinu til að tryggja að tvær íbúðir verði sérstaklega vel útbúnar til íbúðar fyrir fatlaða íbúa auk þess að huga enn betur að aðgengi, aðbúnaði og öryggi í húsinu. Verkefnið hefur einnig notið góðs af hækkun á endurgreiðslu á virðisaukaskatti úr 60% í 100% vegna vinnu á verkstað.

Farsótt Covid-19 hefur ekki haft umtalsverð áhrif á byggingarhraða. Eftir lok reikningsskilaárs eru hins vegar að raungerast áhyggjur af neikvæðri þróun á byggingarvísitölu sem getur leitt til hækkunar á endanlegum byggingarkostnaði. Áhættan er þó takmörkuð þar sem 75% verksins er þegar lokið.

Áframhaldandi uppbygging í þágu kvenna og barna

Árið 2020 var sannarlega viðburðaríkt í sögu Kvennaathvarfsins. Bæði voru stórir áfangasigrar unnir í verkefnum sem unnið hefur verið að um árabíl og stórar, stefnumarkandi ákvarðanir teknar, í óvenjulegum og um margt krefjandi aðstæðum. Þessar ákvarðanir munu hafa áhrif á störf og þróun athvarfsins um ókomna tíð. Allir þessir áfangar og ákvarðanir á umliðnu ári væru ekki mögulegir ef ekki væri fyrir ómetanlega liðsinni öflugra stuðningsaðila og vina Kvennaathvarfsins. Í krafti þess stuðnings stefnum við að því að geta boðið öllum þeim konum og börnum þeirra, sem beitt hafa verið ofbeldi á heimilum sínum, nauðsynlegan stuðning og að hjá okkur geti þau notið tímabundins skjóls á kærleiksríku heimili.

Jóna Sólveig Elínardóttir
formaður stjórnar Samtaka um kvennaathvarf

SKÝRSLA FRAMKVÆMDASTÝRU

Eins og annars staðar var árið 2020 engu ári líkt í Kvennaathvarfinu. Þó var sumt eins og áður; húsið var iðulega fullt af konum og börnum, ráðgjafarnir hittu konur í viðtölum bæði í athvarfinu og í Bjarkarhlíð og við tókum þátt í umræðu um heimilisofbeldi á margvíslegum vettvangi.

Í janúar fengum við dómsmálaráðherra í heimsókn og í febrúar tókum við fyrstu skóflustunguna að áfangaheimilinu sem áætlað er að opna í lok sumarsins 2021. Svo fór allt á hvolf og næstu mánuðir einkenndust af viðbrögðum við heimsfaraldri. Hluti þess viðbúnaðar varð til þess að við hurfum frá því að líta á athvarfið sem hús og horfum nú á það sem starfsemi. Stundum þurfti að leigja aukahúsnæði fyrir konur í sóttkví eða til að skipta upp hópnum sem var of stór til að réttlætalegt væri að hafa hann undir einu þaki. Stóran hluta ársins fóru viðtöl fram í síma eða á netinu. Starfskonur urðu að tileinka sér margt nýtt svo sem fjarfundi, aukin þrif og sóttvarnir, nýjar leiðir til að veita ráðgjöf og stuðning og nýjar leiðir til að gera íbúum hússins glaðan dag. Jólaballið varð jólaferð, hekkjavökugleðin var einungis fyrir íbúa hússins, starfskonur stilltu saman strengi sína á netinu og við tókum á móti gestum í garðinum. Orð ársins voru teams og spritthringur. Og starfsfólki athvarfsins tókst það ómögulega; að halda athvarfinu smitfríu og í öllum mikilvægustu þáttum eins og það á að sér að vera.

Hluti verkefna sem komu til af heimsfaraldri voru afleidd verkefni og ekki fyrirsjáanleg. Það hefði mátt reikna með að hlutverk athvarfsins yrði að vara við þeim möguleika að heimilisofbeldi myndi aukast og verða hættulegra á tímum farsóttar en þess þurfti ekki. Sú umræða spratt upp og hlutverk okkar í athvarfinu var að taka þátt. Og víst tókum við þátt, rætt var um Kvennaathvarfið í dagblöðum og vefmiðlum, á öllum sjónvarpsstöðvum, stundum í tengslum við umræðu um ofbeldi almennt en stundum í umræðu um fjáraflanir sem athvarfið naut góðs af. Þannig fléttaðist Kvennaathvarfið inn í umræðu um menningu, listir, tísku, íþróttir, aðstæður barna, hannyrðir, upplýsingafund Almannafræðis og bókaútgáfu svo nokkuð sé nefnt. Styrkir til athvarfsins bárust úr öllum áttum, fjölmörg fyrirtæki hönnuðu og seldu fatnað og íþróttafólk, listafólk, einstaklingar, fyrirtæki, félagasamtök og vinahópar efndu til alls

Ársskýrsla 2020 Samtök um kvennaathvarf

konar safnana til styrktar athvarfinu. Úr sérstöku fjárfestingaátaki ríkisstjórnarinnar kom framlag sem ákveðið var að rynni til endurbóta á neyðarathvarfi, aðgengismála í nýbyggingu fyrir áfangaheimili og til undirbúnings byggingar nýs neyðarathvarfs sem mun, þegar þar að kemur, leysa af hólmi núverandi húsnæði.

Mínna var um hefðbundið fræðslustarf en þó var eins og áður rætt við nemendur framhaldsskóla, félaga ýmissa samtaka, nefndir Alþingis og starfsfólk ýmissa fyrirtækja og stofnana svo nokkuð sé nefnt.

Í sumar fengum við forsætisráðherra í heimsókn en jafnframt marga aðra góða gesti í garðinn okkar með ýmsan glaðning til athvarfsins, fengum vilyrði frá Reykjavíkurborg um lóð undir nýtt neyðarathvarf og gáfum út skýrslu um aðstæður erlendra barna í athvarfinu svo nokkuð sé nefnt. Í lok sumars opnuðum við Kvennaathvarfið á Norðurlandi á Akureyri í samstarfi við og með stuðningi frá fjölmörgum aðilum bæði norðan og sunnað heiða.

Í haust tók gildi nýtt vaktaplan og nýjar starfslýsingar sem fólu í sér ýmsar breytingar í innra starfi athvarfsins, til dæmis tekur nú ráðgjafi frá athvarfinu viðtöl í Bjarkarhlíð tvo daga í viku, húsmóðir hefur verið ráðin í fullt starf og félagsráðgjafi í fullu starfi sem sinnir málefnum mæðra og barna í athvarfinu sem felur í sér byltingu í starfi með börnum í athvarfinu.

Samtök um kvennaathvarf leitast við að vera í góðu samstarfi við stjórnvöld, fjölmiðla og önnur félagasamtök. Samtökin eiga fulltrúa í tveimur mansalsteymum á vegum stjórnvalda, í ofbeldisvarnanefnd Reykjavíkur, jafnréttisráði, velferðarvaktinni, stjórnnum Bjarkarhlíðar og Bjarmahlíðar og í stýrihópi verkefnisins Saman gegn ofbeldi. Einnig í stjórn WAVE og í stýrihópi samtakanna Nordiske kvinner mot vold.

Á árinu barst Kvennaathvarfinu liðsauki sem aldrei fyrr úr ýmsum áttum og er hlýhugur fólks í garð athvarfsins ómetanlegur. Vinir Kvennaathvarfsins, sem er hópur fólks sem styrkir athvarfið mánaðarlega, og ótal samtök, fyrirtæki og einstaklingar lögðu starfseminni lið með margvíslegum hætti, bæði með styrkjum og sjálfbodaðastarfi, og verður hlýhugur þeirra í garð Kvennaathvarfsins aldrei fullþakkaður.

Ársskýrsla 2020
Samtök um kvennaathvarf

Efst í huga framkvæmdastýru í lok þessa óvenjulega árs er þakklæti í garð starfskvenna athvarfsins því án fagmennsku þeirra, ástríðu og kærleika væri Kvennaathvarfið ekki það skjól sem það er í dag auk þess sem þetta þrennt er grundvöllur þess að einstaklingar, hópar og stjórnvöld treysta okkur til þess að fara vel með það fjármagn sem athvarfinu er fært.

Sigprúður Guðmundsdóttir
framkvæmdastýra Samtaka um kvennaathvarf

KVENNAATHVARFIÐ Á NORÐURLANDI

Kvennaathvarfið á Norðurlandi opnaði 28. ágúst 2020 í tilraunaskyni til 30. apríl 2020 og er athvarfið er staðsett á Akureyri. Samtök um kvennaathvarf og Bjarmahlíð – þjónustumiðstöð við þolendur ofbeldis standa að opnun neyðarathvarfsins í samvinnu við Aflið, sveitarfélög á Norðurlandi eystra, félags- og barnamálaráðuneyti og dómsmálaráðuneyti.

Þjónustan er viðbót við starfsemi Kvennaathvarfsins í Reykjavík sem og Afllsins og Bjarmahlíðar sem hafa sinnt ýmiss konar þjónustu við þolendur ofbeldis á Norðurlandi, einkum með ráðgjöf og viðtölum.

Fram að þessu hefur eina búsetuúrræðið fyrir konur sem eru að flýja ofbeldi heima hjá sér verið í Reykjavík. Það þrengir möguleika kvenna á landsbyggðinni til að sækja sér aðstoð. Um það bil 20% kvennanna sem koma í athvarfið í Reykjavík hverju sinni eru konur utan af landi og er opnun Kvennaathvarfs á Norðurlandi fyrsta skrefið í því að sinna landsbyggðinni betur.

Athvarfið hefur verið nýtt vel og alls voru 15 íbúar í dvöl á fyrstu fjórum mánuðunum. Daginn sem athvarfið komu þrjár manneskjur í dvöl. Nánast alla daga eru konur og börn í húsinu.

Þörfin á athvarfi á Norðurlandi er svo sannarlega til staðar enda er heimilisofbeldi ekki staðbundin á höfuðborgarsvæðinu. Í ljósi þess hafa Samtök um Kvennaathvarf ákveðið að athvarfið verið opið áfram út árið 2021 sem tilraunarverkefni. Í lok árs verður metið hver þörfin er en við teljum að allar forsendur séu fyrir rekstri athvarfs á Norðurlandi og vonumst til að starfsemin sé komin til að vera í einhverri mynd

Athvarfinu var einkar vel tekið af Norðlendingum og stöndum við í mikilli þakkarskuld við fjölmarga aðila; einstaklinga, stofnanir, félagasamtök og sveitarfélög sem veitt hafa verkefninu lið.

Signý Valdimarsdóttir
verkefnastýra í Kvennaathvarfinu á Norðurlandi

Ársskýrsla 2020
Samtök um kvennaathvarf

ÁRIÐ Í TÖLUM

I. Yfirlit; Komur í athvarfið 2018 - 2020

Yfirlit	2018	2019	2020
Allar komur í athvarfið	635	689	758
Fjöldi koma í viðtöl	500	545	620
Fjöldi koma í dvöl	135	144	138
- Koma í fyrsta sinn í dvöl	56%	74%	63%
- Áverkar við komu í dvöl	21%	23%	21%
- Dvalarkonur með börn	38%	44%	45%
- Dvalarkonur án barna	62%	56%	55%
Heildarfjöldi íbúa			
Konur	135	144	138
Börn	70	100	110
Samtals	205	244	248
Fjöldi dvalardaga að meðaltali			
Konur	31	30	30
Börn	32	39	34
Fjöldi íbúa á dag að meðaltali			
Konur á dag	11	12	12
Börn á dag	6	11	10
Samtals íbúar á dag	17	23	22


Tafla 1. Komur í Kvennaathvarfið 2018-2020

Á árinu 2020 dvöldu 138 konur og 110 börn í Kvennaathvarfinu. Konur og börn dvöldu í athvarfinu í frá hluta úr degi upp í 174 daga. Að meðaltali dvöldu 22 íbúar í athvarfinu á dag en fjöldinn dreifðist mjög misjafnlega á yfir árið. Að auki hittu ráðgjafar athvarfsins 509 konur í samanlagt 869 viðtölum án þess að til dvalar kæmi; 312 konur

Ársskýrsla 2020 Samtök um kvennaathvarf

í 620 viðtölum í Kvennaathvarfinu og 197 konur í 249 viðtölum í Bjarkarhlíð, miðstöð fyrir þolendur ofbeldis. Vegna takmarkana á heimsóknum í athvarfið í kjölfar Covid-19 var konum einungis boðin síma- eða myndviðtöl.

Á mynd 1 má sjá dreifingu fjölda koma kvenna í mánuði, skipt eftir tegund þjónustu; dvöl og viðtöl. Margar komur í dvöl í janúar skýrist af því að yfir áramótin dvöldu tíu konur í athvarfinu og teljast þær eins og þær hafi fyrst komið í dvöl 1. janúar.



Mynd 1. Samanburður á fjölda í dvöl og viðtöl eftir mánuðum

II. Um ofbeldið

Konur sem koma í viðtal eða dvöl í athvarfið eru beðnar að lýsa birtingarmynd ofbeldisins sem þær hafa verið beittar. Flestar konurnar nefna fleiri en eina tegund ofbeldis. Nær allar konurnar

Ársskýrsla 2020 Samtök um kvennaathvarf

nefna andlegt ofbeldi, en þar á eftir nefna flestar konur líkamlegt, efnahagslegt og kynferðislegt ofbeldi. Sjá nánar í töflu 2.

Birtingarmyndir ofbeldis	Hlutfall
Andlegt	90%
Líkamlegt	53%
Efnahagslegt ofbeldi	44%
Kynferðislegt	39%
Beint/óbeint gegn börnum	37%
Morðhótun	19%
Kyrkingartak	19%
Stafrænt ofbeldi	17%
Eltihrellir	17%
Stafrænt kynferðisofbeldi	6%
Annað	9%

Tafla 2. Birtingarmyndir ofbeldis

Konur sem nefna *ofbeldi gegn börnum* fjölgar á milli ára úr 35% árið 2019 í 37% árið 2020. Ekki er víst að það bendi eingöngu til þess að ofbeldi gegn börnum sé algengara en áður, skýringuna gæti líka verið að finna í því að mæður skilgreini ástandið á heimilinu frekar en áður sem ofbeldi gegn börnunum.


Ef skoðuð eru svör kvenna við spurningunni: *Hvað var til þess að þú leitastir **núna** í Kvennaathvarfið?* er rauði þráðurinn í svörum kvennanna sá að þær voru orðnar mjög hræddar við karlinn, óttuðust um öryggi og jafnvel um líf sitt og barnanna, voru búnar að fá nóg, eða að gefast upp á ástandinu á heimilinu. Þær þurftu stuðning og ráð og sumar þurftu skjól til að flýja ofbeldi á heimilum sínum. Einnig

Ársskýrsla 2020 Samtök um kvennaathvarf

nefndu konur einstaka atburði svo sem líkamsárás, nauðgun eða það að gerandinn henti konu út af heimilinu.

III. Konurnar í athvarfinu

Konurnar sem komu í dvöl eða viðtöl í athvarfið á árinu 2020 voru á aldrinum 18 til 78 ára og meðalaldur þeirra var 38 ár. Þær komu frá 57 löndum en þegar uppruni þeirra er skoðaður sést að 64% þeirra eru íslenskar. Af öllum konum sem komu í athvarfið á árinu 2020 komu 15% frá löndum innan EES og 21% frá löndum utan EES. Sjá mynd 2.



Mynd 2. Uppruni kvenna sem komu í dvöl eða viðtöl í athvarfið á árinu 2020.

Ef konunum er skipt í hópa eftir tegund þjónustu sem þær sóttu sér í athvarfið má sjá að meirihluti viðtalskvenna eru íslenskar og einungis 22% þeirra voru erlendar. Hins vegar má segja að dæmið snúist við þegar horft er á uppruna dvalarkvenna, þar er meiri hlutinn erlendur (64%) og minni hlutinn íslenskur. Sjá nánar í töflu 3.

Ársskýrsla 2020
Samtök um kvennaathvarf

Uppruni	Dvalarkonur	Viðtalskonur
Íslenskar	36%	78%
Erlendar	64%	22%

Tafla 3. Samanburður á uppruna kvennanna

Hlutfall erlendra kvenna sem leitar til athvarfsins er hærra en það er úti í samfélaginu og má að öllum líkindum rekja það til þess að erlendar konur eiga síður en íslenskar konur tengslanet fjölskyldu og vina og eiga því í færri hús að vanda séu þær beittar ofbeldi á heimilum sínum. Hátt hlutfall kvenna af erlendum uppruna gefur því ekki endilega vísbendingu um það að erlendar konur séu frekar beittar ofbeldi í nánnum samböndum.

Búseta

Stærstur hluti kvennanna sem nýtti sér þjónustu athvarfsins á árinu kom af höfuðborgarsvæðinu. Aðeins fleiri konur frá Reykjavík komu í athvarfið árið 2020 en árið á undan en hlutfall kvenna af landsbyggðinni lækkaði úr 18% í 15% milli ára. Sjá töflu 4.

Búseta kvenna	2018	2019	2020
Reykjavík	53%	50%	56%
Höfuðborgarsvæðið utan Rvk.	27%	24%	22%
Suðurnes	6%	6%	5%
Suðurland	3%	5%	6%
Vesturland	3%	3%	2%
Norðurland	1%	2%	1%
Austurland	2%	2%	0%
Erlendis	5%	5%	1%
Ekki vitað	0%	3%	7%

Tafla 4. Búseta kvenna

Ársskýrsla 2020
Samtök um kvennaathvarf

IV. Gerendurnir

Þegar upplýsingar um gerendurna eru skoðaðar kemur í ljós að 98% þeirra eru karlar, þeir voru á aldrinum 16-87 ára og meðalaldur þeirra var 42 ár. Meirihluti gerenda, eða 65% eru íslenskir að uppruna.

Ef gerendum er skipt í fyrrverandi og núverandi maka má sjá að konur komu vegna ofbeldis þáverandi maka í samanlagt 48% tilfella en vegna fyrrverandi maka í samanlagt 44% tilfella. Sjá töflu 5.


Tengsl við geranda	Hlutfall
Núverandi eiginmaður	31%
Núverandi sambýlismaður	11%
Núverandi kærasti	6%
Fyrrverandi eiginmaður	10%
Fyrrverandi sambýlismaður	22%
Fyrrverandi kærasti	12%
Vinur/kunningi/ættingi/annað	10%

Tafla 5. Tengsl við gerendur

V. Börnin

Alls komu 110 börn í dvöl athvarfið á árinu 2020. Þau voru á aldrinum 0 – 16 ára og meðalaldur þeirra var rúm 5 ár. Alls komu átta börn undir eins árs aldri í dvöl í Kvennaathvarfið á síðasta ári. Sjá aldursdreifingu þeirra í mynd 3.

Ársskýrsla 2020 Samtök um kvennaathvarf



Mynd 3. Aldursdreifing dvalarbarna

Af öllum konum sem komu í viðtöl eða dvöl á árinu 2020 svöruðu 407 spurningu um hvort þær væru barnshafandi. Alls voru 22 þeirra (5,4%) barnshafandi þegar þær komu fyrst í athvarfið sem er nokkuð herra en árið á undan en þá var hlutfallið 2%.

VI. Hvert fara konur eftir dvöl?

Konum sem fóru úr athvarfinu og í nýtt húsnæði fjölgaði mikið milli árana 2019 (13%) og 2020 (32%) en hlutfall kvenna sem fór aftur heim til ofbeldismannsins hækkaði lítillega. Það hlutfall er þó enn tiltölulega lágt (18%) hvort sem miðað er við fyrri ár eða við önnur athvörf í Evrópu. Sjá töflu 6.

Ársskýrsla 2020
Samtök um kvennaathvarf

Afdrif kvenna að dvöl lokinni	2019	2020
Nýtt húsnæði	13%	32%
Heim til ofbeldismanns	15%	18%
Ættingjar/vinir	17%	14%
Heim, ofbeldismaður bjó ekki þar	8%	7%
Í athvarfi um áramót	8%	7%
Úr landi	8%	6%
Heim, ofbeldismaður farinn	4%	6%
Sjúkrastofnun	4%	3%
Ekki vitað/Annað	23%	7%

Tafla 6. Afdrif dvalarkvenna

Konur sem koma frá löndum utan EES eru líklegastar til að fara aftur heim til ofbeldismannsins að dvöl í athvarfinu lokinni. Af þeim 25 dvalarkonum sem fóru aftur heim til ofbeldismannsins að dvöl lokinni, voru 17 frá löndum utan EES (68%), 4 íslenskar konur og 4 konur frá löndum innan EES.

VII. Afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldis

Svo virðist sem líttill hluti kvennanna sem leitar í athvarfið hafi notið góðs af úrræðum sem hefðu getað verndað þær, svo sem nálgunarbann eða neyðarhnappur. Það er umhugsunarefni í ljósi þess hversu stór hluti þeirra hefur hlotið áverka, lögreglan hefur komið á vettvang ofbeldisins, konan hefur verið tekinn kverkataki og/eða óttast um líf sitt. Í töflu 7 eru svör kvennanna við nokkrum spurningum um afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldisins.

Ársskýrsla 2020
Samtök um kvennaathvarf

Spurning	Sögðu já	
	2019	2020
Hefur þú einhvern tímann hlotið líkamlega áverka í kjölfar heimilisofbeldis í sambandinu?	53%	46%
Hefur lögreglan einhvern tímann komið á vettvang vegna ofbeldisins?	42%	37%
Hefur þú einhvern tímann óttast um líf þitt vegna ofbeldisins?	54%	48%
Hefur þú einhvern tímann kært ofbeldið gegn þér?	15%	14%
Hefur gerandinn fengið nálgunarbann vegna ofbeldis gegn þér?	5%	7%
Hefur þú fengið neyðarhnapp vegna gerandans?	5%	4%

Tafla 7. Afleiðingar og aðgerðir í kjölfar ofbeldisins

Af þeim 62 konum sem sögðust hafa lagt fram kæru vegna ofbeldisins sögðu átta konur (13%) að ofbeldismaðurinn hafi verið sakfelldur og átta konur sögðu málinu hafa verið vísað frá. Önnur mál voru enn í vinnslu eða kæra hafði verið dregin til baka.

Nokkrar konur til viðbótar kærðu ofbeldið á meðan þær dvöldu í Kvennaathvarfinu eða í framhaldi af komu þangað en upp úr stendur að minnihluti þolenda kærir ofbeldið. Konur sem leita til athvarfsins fá aðstoð við að komast í samband við lögregluna óski þær þess og margar hitta lögreglukonu í athvarfinu, en hún er tengiliður Kvennaathvarfsins við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.

Ársskýrsla 2020
Samtök um kvennaathvarf

LYKILTÖLUR ÚR ÁRSREIKNINGI

	2020	2019
Rekstrartekjur alls	365.396.875	208.757.187
Rekstrargjöld alls	177.270.288	172.522.926
Tekjuafgangur án vaxta	188.126.587	36.234.261
Hreinar fjármunatekjur	573.773	5.918.810
Tekjuafgangur_ársins	188.700.360	42.153.071
<hr/>		
Hrein eign í árslok:		
- Kvennaathvarfið	385.197.486	196.497.126
- Sjálfseignarstofnunin	142.387.676	142.387.676

Rekstrartekjur alls hækka um 156,5 milljónir króna á milli árána 2019 og 2020. Sú hækking skýrist af því 100 milljóna framlagi úr sérstöku, tímabundnu fjárfestingarátaki ríkisstjórnarinnar í kjölfar heimsfaraldurs kórónuveiru. Þessi fjárhæð á að skiptast þannig að 15 milljónir fara til viðhalds og endurbóta á núverandi húsnæði Kvennaathvarfs, 32 milljónir til kaupa á lóð fyrir nýtt kvennaathvarf, 28 milljónir til hönnunar á nýja athvarfinu og 25 milljónir til byggingar áfangaheimilis. Auk þessa bærast mun fleiri frjáls framlög frá fólki og fyrirtækjum í kringum umræðu um aukna hættu á heimilisofbeldi í kórónuveirufaraldri.

Rekstrargjöld hækkuðu um 4,7 milljónir króna á milli árána 2019 og 2020, sem er innan við 3% hækking á milli ára. Verður það að teljast nokkuð gott, því á árinu 2020 var lögð til aukin þjónusta við Bjarkarhlíð, nýtt kvennaathvarf stofnað á Akureyri auk þess sem þjónusta við börn í kvennaathvarfinu í Reykjavík var bætt.

Hreinar fjármunatekjur lækkuðu um 5,3 milljónir miðað við fyrra ár. Skýrist það af hluta til af lægri ávöxtun á bankainnstæðum og að hluta til vegna þess að gerður var nýr, afturvirkur lánasamningur við Arnrúnu hses, þar sem vextir af láni til Arnrúnar voru lækkaðir.

Tekjuafgangur hækkaði um 146,5 milljónir miðað við árið á undan. Sú sjóðsöfnun sem hefur orðið á undanförunum árum er tímabundin, en á meðan fjármögnun byggingar áfangaheimilis er ekki að fullu

Ársskýrsla 2020 Samtök um kvennaathvarf

tryggð er Kvennaathvarfið bakland fyrir rekstur Arnruar hses. Þegar áfangaheimilið kemst í notkun má einnig búast við að þjónusta sem þar verði veitt, komi frá starfsfólki athvarfsins. Þá stendur fyrir dyrum bygging nýs húsnæðis fyrir Kvennaathvarfið í Reykjavík, en núverandi húsnæði er orðið alls ófullnægjandi fyrir starfsemina. Í árslok 2020 nam hrein eign Kvennaathvarfsins um 527 milljónum að meðtalinni hreinni eign sjálfseignarstofnunar þess. Í lok ársins á undan nam hrein eign 338 milljónum og skýrist aukningin af tekjuafgangi ársins.

Gjafir og styrkir 2020

Samtals námu gjafir og styrkir til athvarfsins tæplega 365 milljónum króna og hafa athvarfinu aldrei á starfstíma þess borist eins mikið af framlögum. Mánaðarlegir styrkaraðilar athvarfsins voru eins og áður, ómetanlegir fyrir rekstur athvarfsins og styrktu athvarfið um samtals um 102 milljónir króna. Helsta sundurgreining gjafa og styrkja fylgir í töflum hér á eftir:

Gjafir	2020	2019
Vinir athvarfsins	102.258.183	107.869.231
Eyrir Invest	5.000.000	
Líknarsjóður Ögnu/Halldórs	5.000.000	
Oak foundation	3.680.000	
Hjólalið Landsbanka	2.156.703	
Sigfúsarsjóður	2.000.000	
Innocent	1.576.300	
Frímúrarareglan	1.500.000	
Ljósmyndaskólinn	1.427.882	
Coca-cola Eur.part	1.050.000	
Aquaculture Technology ehf	2.000.001	
Félag verslunar og skrifstofufólks	1.000.000	
Styrktaruppboð Kvennasjóðs	1.000.000	
Veritas Capital	1.000.000	
Felagsgjöld	567.000	594.000
Aðrir aðilar	36.071.806	5.949.956
Samtals	167.287.875	114.413.187

Ársskýrsla 2020
Samtök um kvennaathvarf

Styrkir frá ríki og sveitarfélögum	2020	2019
Ríkissjóður Íslands	81.400.000	78.500.000
Ríkissjóður, sérstakt fjárfestingaráttak	100.000.000	0
Reykjavíkurborg	12.504.000	12.504.000
Kópavogsbær	1.000.000	1.000.000
Garðabær	500.000	400.000
Fjarðabyggð	400.000	350.000
Akraneskaupstaður	300.000	300.000
Mosfellsbær	250.000	250.000
Reykjanesbær	200.000	0
Sveitarfélagið Ölfus	170.000	145.000
Hornafjörður	160.000	
Norðurþing	150.000	150.000
Hveragerðisbær	120.000	120.000
Borgarbyggð	100.000	100.000
Eyjafjarðarsveit	100.000	100.000
Fljótisdalshérað	100.000	100.000
Dalvíkurbyggð	100.000	
Rangárþing ytra	100.000	
Rangárþing eystra	75.000	75.000
Sveitafélagið Árborg	70.000	70.000
Ísafjarðarbær	60.000	60.000
Blönduós	50.000	
Grindavíkurbær	50.000	50.000
Sveitarfélagið Vogar	50.000	60.000
Vesturbyggð	50.000	0
Seyðisfjörður	50.000	
Aðrir		610.000
	198.109.000	94.944.000

Ársskýrsla 2020
Samtök um kvennaathvarf